



Til:
Efni:
Upplýsingar:

thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is
Vegna þriggja umsókna um að nálgast arnarhreiður
Sent: 12/08/2015 10:40:33 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015080003, Bréfalyklar: 42-4-
Umsagnir um undanþágur vegna myndatöku dýra

Tilvísun í mál: 2015080003

Tilvísun í mál: 2015080002

Tilvísun í mál: 2015080001

Sæl Þórdís, Umhverfisstofnun hefur sent Náttúrufræðistofnun til umsagnar þrjár umsóknir, dagsettar 21. júlí þar sem óskað er eftir leyfi til að nálgast og mynda við arnarhreiður þ.e. leyfi fyrir

Konráð Gylfason, Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson.

Allir umsækjendur gera ráð fyrir að vera í fylgd með Gunnari Þór Hallgrímssyni og Hallgrími Gunnarssyni. Ferðin var áætluð 22. - 25. júlí sl. Umsóknirnar bárust Náttúrufræðistofnun hins vegar 4. ágúst sl.

Haft var samband við Náttúrufræðistofnun vegna ferðar Gunnars og Hallgríms og eins fylgdarmanns fyrr í sumar og afgreiddi Jón Gunnar Ottósson forstjóri málið í gegnum síma/SMS þar sem að aðrir starfsmenn sem hafa með þessi mál að gera voru í sumarfrí eða í felti. Rétt er að taka fram að sú afgreiðsla var hins vegar aðeins fyrir einn einstakling sem ekki er einn af þeim þremur sem framangreindar umsóknir fjalla um.

Þar sem að framangreind erindi bárust ekki fyrr en 4. ágúst sl. sér stofnunin sér ekki fært að að taka þær til umfjöllunar og gefa umgögn um þær þar sem að ferðin hefur þegar verið farin. Hafi framangreindir þír umsækjendur farið í ferðina er það án vitundar Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun getur hins vegar staðfest að stofnunin mælti með því að einn fylgjarmaður færi í þessa tilteknu ferð auk Gunnars og Hallgríms.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

